



Fundargerð

255. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjanesbæjar, fjarfundur haldinn

4. september 2020, kl. 08:15

Viðstaddir:

Eysteinn Eyjólfsson formaður, Gunnar Felix Rúnarsson, Helga María Finnbjörnsdóttir, Ríkharður Ibsen, Róbert Jóhann Guðmundsson, Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfissviðs, Gunnar K. Ottósson skipulagsfulltrúi, Sveinn Björnsson deildarstjóri byggingar- og skipulagsmála, Maríanna Hvannadal Einarsdóttir sérfræðingur umhverfissviði, Sigmundur Eyþórsson tæknifræðingur og Hrefna Höskuldsdóttir ritari.

1. Kynning á söguefni varðandi Ásbrú (2020090015)

Málinu frestað.

2. Afgreiðslu og samráðsfundur byggingafulltrúa nr. 289 (2020010081)

Lögð fram til kynningar fundargerð nr. 289, dagsett 27. ágúst 2020 í 7 liðum með fullnaðarafgreiðslum erinda.

3. Baugholt 23 fyrirspurn um lóðarstækkun (2020080237)

Pétur Óli Pétursson óskar eftir lóðarstækkun og heimild til að byggja bílskúr á lóðinni í samræmi við uppdrátt dags 30. júlí 2020 og skýringamyn dir.

Erindi frestað á síðasta fundi en ný gögn hafa verið lögð fram.

Samþykkt að senda í grenndarkynningu skv. 44. grein skipulagslaga málsgrein 2.

4. Kópubraut 12 (2020080061)

Úlfar Guðmundsson og Þórdís E. Kristinsdóttir óska eftir að breyta bílgeymslu í íbúðarhluta.

Samþykkt með fyrirvara um grenndarkynningu án athugasemda skv. 44. grein skipulagslaga málsgrein 2.

Umhverfis- og skipulagsráð heimilar að stytta tímabil grenndarkynningar ef þeir sem hagsmuna eiga að gæta, skv. 44. grein skipulagslaga málsgrein 3. hafa lýst skriflega



yfir með áritun sinni á kynningargögn áður en fjórar vikur eru liðnar að þeir geri ekki athugasemdir við skipulagstillöguna eða hina leyfisskyldu framkvæmd.

5. Brekadalur 20 - Umsókn um lóð (2020080404)

Francisco Jose Valladares Lainez sækir um lóðina Brekadalur 20
Lóðarúthlutun samþykkt.

6. Völuás 13 - Umsókn um lóð (2020080402)

Francisco Jose Valladares Lainez sækir um lóðina
Lóðarúthlutun samþykkt.

7. Skipulagsverkefni í vinnslu (2020090016)

Gunnar K. Ottósson skipulagsfulltrúi fór yfir skipulagsverkefni sem eru í vinnslu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10.